

FJALLSKILASAMÞYKKT

fyrir Kjósarsýslu, Reykjavík, Seltjarnarnes, Kópavog, Garðabæ og Hafnarfjörð.

I. KAFLI

Stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Sýslunefnd Kjósarsýslu hefur á hendi yfirstjórn allra afréttar- og fjallskilamála í Kjósarsýslu, Reykjavík, Seltjarnarnesi, Kópavogi, Hafnarfirði og Garðabæ.

Sveitarstjórnir hafa á hendi stjórn og alla framkvæmd fjallskilamála í sveitarfélögunum og í samvinnu þegar fleiri sveitarfélög hafa upprekstur og réttarhald sameiginlega. Verði ágreiningur milli sveitarstjórna út af fjallskilamálum sker sýslunefnd úr.

Heimilt er sveitartjórn að fela öðrum framkvæmd fjallskilamála.

2. gr.

Eigi fleiri en eitt sveitarfélag afréttarsvæði eða lönd innan sýslunnar þar sem fé þeirra gengur saman, skulu sveitarstjórnir þar sem hlut eiga að máli kjósa fjallskilanevnd til að sjá um fjallskil og vorsmalanir. Fjallskilanevnd skal skipuð einum manni úr hverju sveitarfélagi, kjörnum af sveitarstjórnnum.

Þegar nefndin hefur verið skipuð, boðar aldursforseti til fyrsta fundar. Þar kýs nefndin sér formann er annast síðan stjórn og boðun funda.

II. KAFLI

Um vorsmalanir og notkun upprekstrarlanda.

3. gr.

Vorsmalanir.

Öllum þeim sem jörð hafa til ábúðar eða umráða ber skylda til að smala land sitt á vorin eftir fyrirmælum sveitarstjórnar, og eru þeir skyldir til að greiða fyrir góðum skilum á fénaði annarra sem fyrir kemur hjá þeim.

4. gr.

Upprekstrarlönd og notkun þeirra.

Hreppsnefndum er heimilt að greina allt land í hreppnum í heimaland og upprekstrarland ef ástæður þykja til. Telst þá upprekstrarland þar sem búpeningur gengur á sumrin en notast lítt eða ekki á veturnum sökum fjarlægðar frá byggð.

5. gr.

Enginn má hafa til sérnota fyrir sig félagslegt upprekstrarland án leyfis sveitarstjórnar. Eigi má heldur í heimildarleysi færa skepnur í heimalönd eða upprekstrarlönd né ónáða þar án leyfis landráðenda eða sveitarstjórnar. Ennfremur er einstaklingum óheimilt að taka fénað til upprekstrar í félagslegt upprekstrarland, nema með leyfi sveitarstjórnar.

6. gr.

Þar sem upprekstrarlönd eru notuð á sumrum ber öllum þeim sem eiga eða hafa undir höndum sauðfé, að reka það í upprekstrarlönd ofan vörslugirðingar höfuðborgarsvæðisins,

nema þeir hafi örugglega girt landsvæði fyrir þann fénað, sbr. þó 6. gr. samþykktar nr. 461/1986 um búfjárhald í Reykjavík.

Eigi skal upprekstur leyfður fyrr en gróður er nægur að mati sveitarstjórnar, en henni er heimilt að leita álits gróðurverndarnefndar Kjósarsýslu áður en leyfi er veitt.

III. KAFLI

Bygging og viðhald rétta.

7. gr.

Sveitarstjórnir og fjallskilastjórnir annast byggingu og viðhald rétta með tilheyrandi dilkum, sömuleiðis dilka við útréttir. Kostnaður við byggingu, viðhald og endurbyggingu lögrétta greiðist úr fjallskilasjóði viðkomandi fjallskiladeilda. Landeigandi á rétt á bótum fyrir jarðrask sem verður við nýbyggingu rétta eða endurbætur samkvæmt mati dómkvaddra manna og árlegu uslagjaldi fyrir átroðning vegna réttarhalds.

IV. KAFLI

Fjármörk og markaskrár.

8. gr.

Skylt er hverjum þeim sem á búfé (sauðfé eða hross) eða hefur það til umráða, að hafa það greinilega merkt. Verði eyrnamarki ekki við komið, ber að brennimerkja hyrnt fé, en auðkenna kollótt fé með plötumerki í eyra.

Allt hyrnt sauðfé, veturgamalt og eldra, skal brennimerkja með eigandanúmeri og byggðabrennimarki á hægri horni. Á kollóttu fé skal koma eigandanúmeri og byggðabrennimarki fyrir á plötumerki. Verði eyrnamarki ekki komið við á hrossum er rétt að merkja þau með frostmerki undir faki.

Öll lömb er til næst skulu hafa verið eyrnamörkuð fyrir lok 12. viku sumars.

9. gr.

Í fjallskilaumdæmi Kjósarsýslu eru byggðabrennimörk þessi:

Fyrir Kjósarhrepp	K 1 eða Kjós.
Fyrir Kjalarneshrepp	K 2 eða Kjal.
Mosfellsbæ	K 3 eða Mosf.
Reykjavík	Rvk. eða Reyk.
Seltjarnarnes	K 4 eða Seltj.
Kópavog	K 5 eða Kóp.
Bessastaðahrepp	G 5 eða Bess.
Garðabæ	G 6 eða Garð.
Hafnarfjörð	HF eða Hafn.

10. gr.

Ekki má taka upp eða nota mikil særingamörk og mega mörk ekki vera meira en átta hnífsbrögð í allt. Aðeins tvö undirmörk má nota sömu megin á eyra.

Eftirtalin mörk er óheimilt að nota:

Gagnlaggað, geirstúfrifað, geirsýlt, hamarrifað, sneiðhamrað, miðhlutað í stúf, stúfrifað í hálfraf, sýlt í blaðstýft, sýlhamrað, tvígagnbitað, tvígagnfjadrað, tvílaggað, vagllögg, vaglrifað, þrístýft og netnál. Óheimilt er að nota markið gat á sauðfé.

11. gr.

Sýslunefnd skal, í samráði við stjórnir viðkomandi fjallskilaumdæma, sjá um að prentuð sé markaskrá fyrir landnám Ingólfs fyrir árslok 1988 og síðan eigi sjaldnar en á átta ára fresti. Skulu allir markeigendur í umdæminu tilkynna viðkomandi markaverði mörk sín til birtingar í markaskránni, og má enginn nota mark sem ekki er prentað í skránni (sbr. þó 12. gr.).

Sýslunefnd ákveður markagjald er fari hækkandi eftir fjölda marka og skal það vera svo hátt að nægi fyrir kostnaði við undirbúning og prentun markaskrárinnar. Verði afgangur, þegar allur kostnaður er greiddur, skal hann renna í sýslusjóð. Markaskrána skal prenta í svo mörgum eintökum að hver markeigandi geti fengið eitt eintak, og auk þess nokkur til vara og til að senda í nálægar sýslur.

12. gr.

Sýslunefnd kys markavörð til að annast um útgáfu markaskrárinnar, söfnun marka og upptöku nýrra marka á milli þess að markaskrár eu prentaðar. Allir sem vilja koma marki í markaskrá skulu greiða markagjaldið um leið og þeir afhenda markið. Fyrir nýtt mark greiðist tvöfalt gjald. Finni markavörður eitthvað athugaverð við mörkin sem honum berast, skal hann tilkynna það bréflaga þeim er í hlut eiga, og um leið benda á annað mark er komið gæti í stað þess sem sent var og sem líkast því. Hafi markaverði ekki borist svör við tilkynningunum fyrir ákveðinn tíma, getur hann litið svo á, að ábenta markið sé samþykkt og látið prenta það í skránni.

Vilji einhver taka upp nýtt mark eða nota aðflutt mark á milli þess að markaskrár eru prentaðar, verður hann að fá til þess samþykki markavardar og að því fengnu auglýsa það í Lögbirtingablaðinu, er það þá heimilt til notkunar.

13. gr.

Markavörður f.h. sýslunefndar skal leita samvinnu við nágrannamarkaverði um ráðstafanir til að forðast sammerki þar sem fjársamgöngur geta átt sér stað.

V. KAFLI

Meðferð búfénaðar og fjárrekstur.

14. gr.

Ekki má misþyrma skepnum á nokkurn hátt svo sem með svelt, hundbeitingu, hártogun eða öðru slíku, við réttir, í rekstrum eða gæslu, heimasmölun eða annarri viðureign.

15. gr.

Þegar sauðfé eða hross eru rekin um umdæmið skal þess gætt að valda ekki tjóni á fénaði eða löndum sem rekið er um eða áð í. Ekki má vera á ferð með rekstra þegar skuggsýnt er.

Allur rekstrarfénaður skal vera auðkenndur með greinilegum og traustum rekstrarmerkjum. Þess skal gætt að annar fénaður komi ekki saman við reksturinn, en komi það fyrir, skal sá fénaður skilinn frá rekstrinum svo fljótt sem verða má og honum komið í áthaga sína, eigendum hans að kostnaðarlausu.

VI. KAFLI Göngur og réttir.

16. gr.

Fjallskil.

Fjallskilaskyldur er hver sá sem fénað á eða hefur til umráða, hvort sem jörð hefur til afnota eða eigi.

Til leita í hverju upprekstrarlandi ber einkum að skipa þá er þau nota.

Hver maður er fjallskilaskyldur í sveitarfélagi því sem hann á heimili í.

Fjallskil skal þó leggja á mann þar sem hann notar upprekstrarland fyrir skepnur sínar eða á land, þótt utansveitar sé, en þá má eigi leggja á meira en $\frac{1}{5}$ hluta fjallskila vegna þess fénaðar eða lands í heimasveit hans.

Fjallskilakostnaði má jafna niður og leggja á í vinnu eða peningum.

17. gr.

Sveitarstjórn boðar með fjallskilaboði þrem vikum fyrir fyrstu haustleitir öllum þeim er hlut eiga að máli, hvaða fjallskil þeim ber að inna af höndum, og er sérhverjum skylt að hlíta fyrirætlum hennar án undandrátta. Vanræki menn að vinna tilskilin fjallskil, má kaupa mann í stað þess er vantar, á kostnað þess sem skipaður var.

18. gr.

Hver bóndi er skyldur að smala land sitt á hausti samhliða leitum, ef sveitarstjórn mælir svo fyrir. Sama gildir um eigendur eyðibýla þó að þeir eigi þar ekki fjárvon. Hlýði umráðamaður lands ekki fyrirætlum sveitarstjórnar ber honum að greiða smölunarkostnað eftir mati sveitarstjórnar. Ekki verður umráðamaður lands þó krafinn um þátttöku í smölunarkostnaði, sé honum meinað að nota land sitt til sumarþeirja eða leigja það samkvæmt lögum nr. 6/1986 eða vegna búfjárveikivarna.

Heimilt er sveitarstjórn að veita aðstoð þeim er erfiðastar hafa aðstæður og mest landrými til smölunar, og greiðist sá kostnaður úr sveitarsjóði.

19. gr.

Nú er jörð í eyði og land hennar ekki lagt til afrettar viðkomandi fjallskiladeildar með samningum, og er þá eiganda eða umboðsmanni hans skylt að annast um hreinsun heimalands jarðarinnar vor og haust sem og önnur fjallskil, eins og byggð væri. Nú fellur sveitarfélag eða verulegur hluti þess úr byggð, og skal þá sýslunefnd sjá um að fjallskil séu framkvæmd á eyðilöndum. Kostnaður við þau skiptist þannig að eigendur bera $\frac{1}{2}$, hreppar þeir er fjárvon eiga í löndunum $\frac{1}{4}$ og ríkissjóður $\frac{1}{4}$. Búnaðarfélag Íslands úrskurðar kostnaðarreikninga.

20. gr.

Sveitarstjórn skipar leitarstjóra, safngæslumenn, tvo marklýsingamenn og réttarstjóra.

Leitarstjórar skipa fyrir um leitir, og ber leitarmönnum að hlýða þeim í hvívetna. Leitarstjórar ráða yfir safni sínu uns komið er til réttar og skipaður safngæslumaður tekur við. Leitarstjórar sjá um að leitarmenn séu viðhlítandi útbúnir og að öðru leyti starfa sínum vaxnir.

Séu vanbúnir liðléttingar, sem ekki fá unnið fullt gagn, að dómi leitarstjóra, sendir í leitir, telst slíkt sem vanrækt fjallskil.

Skipa skal menn í útréttir eftir þörfum, og ber þeim að hirða allan fénað úr sveit sinni og koma honum til rétta eða bæja í fjallskiladeildinni.

Ölum búendum ber að greiða fyrir að fénaður komist sem fyrst til eigenda sinna.

Þar sem fleiri en eitt sveitarfélag er í fjallskiladeild, skipar stjórn upprekstrarfélags leitarstjóra, safngæslumenn, marklýsingamenn og réttarstjóra.

21. gr.

Nú hagar svo til í fjallskiladeild að meirihluti fjár gengur í heimahögum á sumrum og getur þá stjórn fjallskiladeildar ákveðið að haustsmölun heimalanda verði metin til aðalfjallskila að meira eða minna leyti.

22. gr.

Haustleitir.

Aðalhaustleitir skulu vera tvennar. Skulu þær fara fram daginn áður eða sama dag og réttað er í hverri fjallskiladeild. Þá skal smala allt land þar sem fénaður hefur gengið á sumrum. Ef vanheill fénaður kemst ekki til rétta, ber leitarsjóra að sjá um að hann komist til byggða og tilkynna það hreppstjóra þegar í stað. Hreppstjóri ráðstafar þá fénu tafarlaust í samráði við eigendur, ef til þeirra næst.

23. gr.

Lögréttir í fjallskilaumdæmi Kjósarsýslu skulu vera þessar:

- a. Kjósarrétt í Kjósarhreppi. Fyrri rétt mánudag í 22. viku sumars.
- b. Kollafjarðarrétt í Kjalarneshreppi. Fyrri rétt mánudag í 22. viku sumars. Sundurdrátt má hafa við Arnarhamar.
- c. Dalsrétt fyrir Mosfellsbæ. Fyrri rétt mánudag í 22. viku sumars.
- d. Fossvallarétt fyrir Seltjarnarnes, Kópavog og Reykjavík. Fyrri rétt sunnudag í 22. viku sumars. Sundurdrátt má hafa við Húsmúla.
- e. Kaldárrétt fyrir Bessastaðahrepp, Garðabæ og Hafnarfjörð. Fyrri rétt laugardag í 22. viku sumars.

Sundurdrátt má hafa þar sem hlutaðeigandi sveitarstjórnir ákveða.

Önnur réttun fer fram sama vikudag fjórum vikum seinna (sbr. þó næstu málsgrein). Úrtíning úr sundurdráttarréttun skulu tilkvaddir menn færa til aðalrétta svo fljótt sem föng eru á, svo að aðalréttir teffjist ekki.

Berist sýslunefnd beiðni tveggja sveitarfélaga af þremur um breytingu á réttardögum, er henni heimilt að ákveða, að önnur réttun fari fram samdægurs í sýslunni.

Nú kemur fram af hálfu fjallskiladeildar ósk um að réttir megi fara fram á öðrum tíma en hér er ákveðið og getur þá sýslunefnd heimilað það fyrir eitt skipti í senn, ef það veldur ekki verulegum erfiðleikum í nærliggjandi fjallskiladeildum.

24. gr.

Gripir, sem eru í óskilum, skulu afhentir hreppstjóra eða vörslumanni búfjár undir hans umsjón til gæslu. Hreppstjóri auglýsir þá síðan og selur sem óskilafénað á opinberu uppboði með 12 vikna innlausnarfresti, ef enginn finnst eigandinn. Sveitarstjórn er heimilt að láta fara fram sérstakar hrossasmalanir hvenær árs sem er og afhenda hreppstjóra eða vörslumanni búfjár óskilahross til gæslu.

25. gr.

Réttarstörf.

Réttarstjórar skulu sjá um að réttarstörfin gangi sem greiðast og skulu réttarmenn hlíta fyrirskipunum þeirra í hvívetna. Ber hreppstjórum að hafa umsjón með störfum þeirra. Réttarstjórar sjá um að allir markleysingar séu einangraðir í sérstökum dilkum og mönnum síðan gefinn kostur á að láta mæður helga sér afkvæmi sín.

Verði ágreiningur um mörk, úrskurða marklýsingamenn og hreppstjóri. Úrtíning, sem afgangur verður eftir nákvæma skoðun við töfludrátt svo og óútdregna markleysingja, afhendir réttarstjórinn hreppstjóra fyrir réttarlok til slátrunar sem óskilafé.

Oheimilt er að sleppa aftur fé úr haustréttum á afrétti.

26. gr.

Aukasmalanir.

Auk aðalhaustleita getur sveitarstjórn ákveðið smalanir á öðrum tímum ef þurfa þykir. Verði þá ákveðið, að úrtíningur skuli rekinn til rétta, skal tilkynna það stjórnnum nærliggjandi fjallskiladeilda. Þá er heimasmalanir fara fram eru búendur skyldir til að greiða fyrir skilum á annarra fénaði.

VII. KAFLI**Ýmis ákvæði.**

27. gr.

Í kaupstöðum annast lögreglustjórar þau störf sem hreppstjórum eru falin í samþykkt þessari. Þeir geta tilnefnt menn til að gegna þessum störfum, öðrum en þeim sem varða uppboðshald.

Hreppstjóri Bessastadahrepps annast þau störf hreppstjóra í Kaldárrétt sem kveðið er á um í 24. gr.

Sveitarstjórn getur kosið fjallskilastjóra til að hafa á hendi framkvæmd fjallskilamála undir yfirstjórn sveitarstjórnar.

28. gr.

Brot gegn fyrirmælum þessarar samþykktar varða sektum, nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum refsheimildum, og renna sektir í sveitarsjóð eða í fjallskilasjóð þess upprekstrarfélags er brot er framið í.

29. gr.

Samþykkt þessi sem sýslunefnd Kjósarsýslu hefur samið og samþykkt skv. I. kafla laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld fjallskilareglugerð fyrir Kjósarsýslu nr. 101 frá 16. júlí 1954, svo og þau ákvæði fjallskilareglugerðar fyrir Gullbringusýslu og Hafnarfjörð nr. 121 1. júní 1965, sem ekki fá samrým ákvæðum þessarar samþykktar.

Landbúnaðarráðuneytið, 3. júní 1988.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.